

Líkt og undanfarin sumur hafa Upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri og Handverkshópurinn Koltra verið í samstarfi svo hægt sé að halda úti opinni aðstöðu allt sumarið. Aðstaðan er í Salthúsinu, 6. sumarið í röð og við erum mjög ánægð með að geta verið þar. Umgjörðin er svo flott.

Starfsmaður var einn í sumar – ekki voru fleiri sem sóttu um þau tvö 75% störf sem við auglýstum, líkt og undanfarin ár. Stjórnarmeðlimir Handverkshópsins Koltru tóku nokkrar vaktir til að leysa starfsmanninn af.

Líkt og síðasta sumar var opið frá 15. júní – 31. ágúst – eða í 2 ½ mán. Og opnunartími alla daga var frá kl. 11 – 17.

Strax var ljóst að Íslendingar hefðu tekið áskorun um að ferðast innanlands í sumar og var enginn dagur hjá okkur gestalaus. Íslendingar voru færri en í fyrra og komu flestir þeirra í júlímánuði. Nákvæm skráning segir 1.715 Íslendingar. – En í fyrra voru rétt ríflega 2.000. Erlendir ferðamenn voru hins vegar mun fleiri en í fyrra, eða 1167 skv. skráningu og voru þeir alls staðar að ef svo má segja.

Þó skemmtiferðaskip hafi verið fleiri á ferðinni hér en í fyrra sumar, voru engar rútur – eða hópar sem komu hér við af skemmtiferðaskipunum. Það virðist ekki vera inni núna að stoppa á Þingeyri.

Sú þjónusta sem fólk sóttist fyrst og fremst eftir voru upplýsingar um afþreyingu í nærumhverfinu, gönguleiðir og hjólaleiðir, lengd og ferðatími að einhverjum ákveðnum stöðum og oft bara langaði fólk að spjalla og fá upplýsingar frá heimamönnum um hefðbundna lifnaðarhætti á svæðinu. Salthúsið sjálft hefur líka aðdráttarafl og fólk spyr talsvert um sögu þess. Þjónustukort fyrir Dýrafjörð, með götumerkingum og merkingum helstu staða kom út fyrir tveimur árum og var endurprentað sl. vor og á Koltra höfundarréttinn að því. Það er ljóst að fara þarf í það að uppfæra það og prenta meira.

Það er alveg ljóst að nauðsynlegt er að hafa upplýsingamiðstöð ferðamála á Þingeyri og vonandi verður áfram samstarf milli Ísafjarðarbæjar og handverkshópsins Koltru, svo hægt verði að halda úti svipaðri starfsemi áfram næstu árin. -Skrifað var undir tveggja ára samstarfssamning sl. ár, svo við höldum ótrauð áfram næsta sumar – ef við fáum starfsmann.

Þingeyri, 10. sept. 2021

Jónína Hrönn Símonardóttir, formaður Koltru.